

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við tillögu fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Á fundi velferðarráðs þann 21. nóvember 2018 lagði fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands fram eftirfarandi tillögu:

Lagt er til að kannað verði gróflega hvernig fyrirkomulag og rekstur vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks færi fram ef Strætó bs. sæi beint um þá þjónustu, með fastráðnu starfsfólki, í stað þess að bjóða verkið út.

Svar:

Samráðshópur félagsmálastjóra á höfuðborgarsvæðinu ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á framkvæmd akstursþjónustu fatlaðs fólks skv. samkomulagi um ferðaþjónustu sem var undirritað í maí 2014. Strætó bs. sér um framkvæmd þjónustunnar en vilji fulltrúa Strætó bs. hefur verið skýr, að Strætó bs. myndi ekki reka akstursflota heldur bjóða verkið út. Núverandi samkomulag um akstursþjónustu fellur úr gildi í lok árs 2019.

Á síðari hluta 2017 hóf samráðshópur félagsmálastjóra vinnu við undirbúning nýs útboðs um akstursþjónustu. Í lok árs 2017 var verkfræðistofunni Alta falið að skoða núverandi fyrirkomulag akstursþjónustunnar og velja upp mögulegum sóknarfærum til hagræðingar í þjónustu og rekstri (sjá fskj. 1). Í framhaldinu ákváðu sveitarfélögin sem standa að rekstrinum að vinna áfram með tilteknar forsendur sem komu fram í skýrslu Alta og meta jafnframt kosti og galla við að sveitarfélögin væru saman í áframhaldandi samstarfi. Gengið var til samninga við Reyni Kristinsson haustið 2018 og hefur Reynir nýlega skilað af sér greiningu um akstursþjónustuna. Í skýrslu Reynis er gengið út frá því að útboðsleiðin verði farin og hafa sveitarfélögin sem standa að rekstrinum samþykkt að vinna saman að akstursþjónustunni út frá þeim forsendum sem hafa verið kynntar. Í bókunum velferðarráðs og borgarráðs Reykjavíkur um akstursþjónustuna hefur ekki verið tekin afstaða til þess hvort farið skuli í útboð eða ekki.

Rætt hefur verið óformlega við fulltrúa Strætó bs. sem hafa lýst yfir vilja til þess að halda áfram að sinna þjónustunni ef farin yrði útboðsleið. Það samtal sem hefur átt sér stað á vettvangi samráðshóps félagsmálastjóra hefur gengið út frá því að útboðsleið yrði farin.

Samkvæmt grófu, óformlegu mati fulltrúa Strætó bs. á því að Strætó myndi reka akstursflota, gæti launakostnaður orðið á bilinu 1,7 til 2 milljarðar króna á ári, enda gætu starfsmenn þannig orðið ríflega 100. Einnig þyrfti að útvega húsnæði og gera ráð fyrir kostnaði við alla bíla sem yrðu keyptir sem og viðgerðakostnaði o.fl. Meðalverð á hvern bíl gæti verið um 10,5 mkr. ásamt fjármagnskostnaði.

Niðurstaða:

Mikil vinna hefur nú þegar verið lögð í undirbúning útboðs vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks. Framkvæmdaraðili aksturþjónustunnar telur það ekki fýsilegan kost að sinna akstursþjónustunni án þess að bjóða reksturinn út, á þeim forsendum að hann yrði kostnaðarsamur fyrir Strætó bs. og þar af leiðandi sveitarfélögin.